

I tilefni af þessu lætur sjóliðsstjórnin þess getið, að síðastliðin ár hefur einatt 7  
verið lagt fyrir yfirforingjana á herskipum þeim, er haft hafa stöð við Ísland, að mæla 14. jan.  
upp Húnaflóa, eins og nú er óskað eptir, en mæling þessi er svo skammt á veg komin  
sem hún er, bæði vegna þess, hve lítinn tíma skipið hefur haft aflögu til hennar frá  
öðrum störfum sínum, og vegna hinnar óhagstæðu veðráttu og hafíssins, en einkum þó  
vegna þess, hve umfangsmikið verk þetta er og vandasamt, enda mundi það vera nægi-  
legt starf í langan tíma jafnvel fyrir skip, sem væri eingöngu sett til þess. Og þótt sjó-  
liðsstjórninni sje eigi kunnugt um sjóleiðina inn á Hvammsfjörð, mun þó mega segja  
sama um hana.

Það hefur komið til umræðu síðastliðið sumar, að mæla þyrfti algjörlega sjóleið-  
irnar við Ísland í þarfar siglinga þar, sem og höf þau, er liggja umhverfis strendur lands-  
ins í þarfar fiskiveiðanna, og að eigi var á fjárlagafrumvarpi því, er nú hefur verið lagt  
fyrir ríkisþingið, beðið um fje til slíkra mælinga, kom til af því, að sjóliðsstjórnin á  
sjer eigi fært að leggja til hæfilegt skip til þessara mælinga fyr en 1885.

Það er því áformað að biðjast fjár þess, er með þarf, á fjárlagafrumvarpinu fyr-  
ir 1885—86, og vonar sjóliðsstjórnin þannig að geta orðið við óskum hins heidraða  
stjórnarráðs.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð. — 8  
Eptir að þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 3. f. m. var hingað komið, hefur 14. jan.  
hans hátígn konunginum, samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu ráðgjafans, 12. p. m.  
allramildilegast þóknast að fallast á, að hjeradslæknir P. G. Blöndal megi fá jörðina  
Stafholtsey í Andakýlshreppi í Borgarfjarðarsýslu, sem er eign Stafholtskirkju, að maka-  
skiptum fyrir jörðina Vatnshamra í sama hrepp, þannig að Stafholtsey verði framvegis  
skoðuð sem bændaeign, að því er skattskyldu snertir, og Vatnshamrar sæti sömu kjör-  
um og hver önnur kirkjujörð.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tilkynnt yður, herra landshöfðingi, til þókn-  
anlegrar leiðbeiningar og birtingar.

## Skýrsla

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 19. og 20. desbr. 1882.

Ár 1882, 19. desbr., var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur  
á Akureyri af forseta ráðsins, settum amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmönnum  
sjera Arnljóti Ólafssyni og umboðsmanni Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin:

1. Var samín og samþykkt

### Áætlu n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1883.

Tekjur:

1. Niðurföfnun á lausafjórðungi (c. 28070), 20 aurar á hundraðið . 5614 kr.

## 9.

## Gjöld:

1. Skuld frá fyrra ári, um . . . . .	550 kr.	» a.
2. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	150 —	» -
3. Til sáttamála . . . . .	10 —	» -
4. — heilbrigðismála . . . . .	300 —	» -
5. — menntunarmála . . . . .	700 —	» -
6. — heyrnar- og málleysingja . . . . .	840 —	» -
7. 8. afborgun uppí skuld sjóðsins fyrir fanga- húsin . . . . .	2124 kr.	67 a.
og leigur af 16997 kr. 35 a. til 11. desbr. 1882 . . . . .	679 — 89 -	2804 — 56 -
8. Óviss útgjöld . . . . .	259 — 44 -	5614 kr.

Amtsráðið athugaði, að heyrnar- og málleysinginn Rebekka Sigurlín Stefánsdóttir væri nú búin að vera á kennslustofnuninni í Kaupmannahöfn frá 1. októbr. 1876, og áleit, að námi hennar ætti að vera lokið fyrir löngu. Ráðið fól forseta sínum, að tjá hlutadeigendum, að sjóðurinn mundi ófús til að borga með henni lengur en til 30. júní 1883, og ljét þá skoðun í ljósi, að námi heyrnar- og málleysingja mundi mega ljúka af á skemmri tíma, svo sem á 4 árum.

- Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 16. febr. 1882, þar sem hann ber undir amtsráðið, hvort eigi sje rjett aðferð við framtal til jafnaðarsjóðsgjaldsins að taka aðeins hálf og heil hundruð til gjalds, en sleppa þeirri álnaupphæð, sem ekki nær 60 ál., og taka eigi gjaldið af öðru broti af lausafjórðungi en hálfu hundruði.

Amtsráðið var sýslumanninum samdóma um, að þessi framtalsaðferð væri hin rjetta, og áleit, að þetta byggðist á gamalli venju, enda væri því nær ómögulegt að taka og reikna gjald af fáeinum álnum. Ráðið ályktaði að skrifa þeim sýslumönnum, sem fylgdu annari reglu við útreikning og innheimtu gjaldsins til jafnaðarsjóðsins, að telja eptirleidis aðeins heil og hálf hundruð til gjalds.

- Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 30. októbr. 1882, og skýrsla um athafnir kvennaskólans þar á skólaárinu 18<sup>81/82</sup>. Amtsráðið veitti þessum skóla 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóðnum.
- Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 23. októbr. 1882, og skýrsla um athafnir kvennaskólans þar á skólaárinu 18<sup>81/82</sup>. Þessum skóla var sömuleidis veittur 100 kr. styrkur úr jafnaðarsjóði.
- Frá kvennaskólanum á Laugalandi var engin skólaskýrsla komin, en með því amtsráðinu var kunnugt um, hve margar kennslumeyjar voru á skólanum 18<sup>81/82</sup>, fól það forseta að veita þessum skóla 400 kr. styrk, þegar skólaskýrslan væri komin.
- Til amtsbókasafnsins veitti ráðið 100 kr.
- Sem þóknun fyrir skriptir við amtsráðið voru veittar 50 kr.
- Frá hjeradslækninum í 11. læknishjæði voru komnir reikningar fyrir 2 ferðum, sem hann hafði farið eptir skipun yfirvaldsins, aðra úti Hrísey og hina útá Árskógsströnd, til þess að rannsaka, hvort nokkur hæfa væri í þeim frjettum, sem gengu um það, að bólusótt hefði gjört vart við sig á nefndum stöðum.

Læknirinn hafði reiknað sjer 4 kr. á dag í fæðispeninga, samkvæmt opnu brjefi

4. oktbr. 1825; amtsráðið gat eigi viðurkennt, að þetta lagaboð gildi á Íslandi, sbr. kansellíbrjef 25. septbr. 1845, en samkvæmt því mætti ætla, að fæðispeningar skyldu vera 2 kr. á dag. Að því leyti, sem lækurinn hafði reiknað sjer 16 kr. fyrir að fara út í 4 skip samkvæmt lögum 17. desbr. 1875, um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, 6. gr., þá varð amtsráðið að álíta, að lækurir eigi ekki þessa þóknun, nema skipið komi frá einhverjum þeim stað, sem sýktur er af bólu, eða bólusótt hafi komið upp á skipinu á leiðinni til landsins, enda eigi þóknun þessi að greiðast af skipinu. Samkvæmt þessu voru upphæðir reikninganna færðar niður.

9. Framlagt var kæruskjal frá Gísla bónda Jónassyni á Svínárnesi, 13. septbr. 1882, yfir úrskurði sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu, sem staðfestir þann úrskurð, sem hreppsnefndin í Grýtubakkahrepp hafði lagt á umkvörtun Gísla yfir útsvari því, sem honum hafði verið gjört haustið 1881. Amtsráðið ályktaði, að leita skyldi álits sýslunefndarinnar um kæru þessa.
10. Forseti framlagði skýrslur frá 4 búnaðarfjelogum og bóunarbrjef um fjárstyrk af því fje, sem veitt er norður- og austuramtinu á árinu 1882 til eflingar búnaði. Amtsráðið lagði til, að þessi fjelög fái þann styrk, sem hjer skal sagt:

búnaðarfjelag Fljóta og Siglufjarðar . . . . .	43 kr.
—»— Hrafnagilshrepps . . . . .	95 —
—»— Skriðdalshrepps . . . . .	72 —
—»— Áshrepps . . . . .	160 —
	<hr/>
	370 —

Það, sem eptir er af þessari fjárveitingu á árinu 1882, 304 kr., lagði ráðið til að mætti renna í búnaðarsjóð amtsins.

11. Forseti framlagði bænarskrá ábúandans á Litla-Sandfelli, sem heyrir undir umboð Suðurmúlasýslu jarða, um, að annað af þeim tveimur kúgildum, sem jörðinni fylgja, verði tekið af henni eptirleiðis, og ennfremur álit hreppsnefndar, sýslunefndar og umboðsmanns um þetta mál. Amtsráðið gat eigi mælt með því, að annað kúgildið yrði tekið af jörðinni, en vildi skjóta því til landshöfðingja, hvort eigi væri ástæða til, að landskuldin af jörðinni nú þegar eða frá næstu fardögum verði færð niður úr 60 álnum, sem hún nú er, í 50 álnir, sem hlutadeigandi sveitarstjórnarvöld í tillögum sínum um byggingu þjóðjarða eptirleiðis, samkvæmt landshöfðingjabrjefi 19. septbr. 1877, hafa álitid sanngjarna landskuld af þessari jörðu.
12. Forseti framlagði tillögur til fjallvegagjörða á komandi ári; eptir að amtsráðið hafði rætt þetta mál, samþykkti það, að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann á næstkomandi ári vilji veita til fjallvega hjer í umdæminu:

a. til vegarins yfir Vaðlaheiði, Eyjafjarðarsýslumegin . . . . .	2000 kr.
b. til að fullgjöra veginn yfir Mývatnsöræfi . . . . .	300 —
c. til vegarins yfir Siglufjarðarskarð í Eyjafjarðarsýslu . . . . .	700 —
d. til vegarins yfir Vatnskarð í Skagafjarðarsýslu . . . . .	470 —
e. til endurbóta á veginum á Vatnskarði í Húnavatnssýslu . . . . .	200 —
f. til endurbóta á veginum á Öxnadalsheiði í Eyjafjarðarsýslu . . . . .	150 —
g. til vegarins yfir Vatnsdalsheiði . . . . .	1500 —
h. til sæluhúss við Jökulsá . . . . .	1000 —
	<hr/>
	Flyt: 6320 —

Fluttar : 6220 kr.

i. til þess að styrkja að helmingisýsluvegasjóði til vegagjörða á sýsluvegum á aðalpóstleiðunum . . . . .	2500 —
og svo framarlega sem svo mikið fje er til fyrir hendi:	
k. til vegarins yfir Grímstunguheiði . . . . .	2000 —
l. til vegar yfir Heljardalsheiði . . . . .	1000 —
	Samtals 11820 kr.

Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, að leggja megi veginn yfir Fjarðarheiði yfir á Vestdalsheiði, og sameina hann við fjallveginn þar, svo framarlega sem sýslunefndin álitur þetta fyrirkomulag hentugt eptir skoðun kunnugra manna.

13. Af því, sem eptir er af því fje, sem veitt er á þessu ári, til þess að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til vegagjörða á sýsluvegum á aðalpóstleiðunum, veitti amtsráðið Skagafjarðarsýslu 145 kr. og Suður-Múlasýslu 410 kr. eptir framlögðum skýrslum og reikningum.
14. Framlögð voru endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna um fundarhöld á yfirstandandi ári, og fannst ekkert við þau að athuga.
15. Sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1881 úr öllum sýslum voru yfirskoðaðir.
  - A. Við reikningana úr Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga.
  - B. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst að athuga:
    - a. Reikningshaldarinn hafði eigi tekið tilgreina athugasemd amtsráðsins við reikninginn 1880, að eign sjóðsins væri talin 10 aurum of lítil. Ráðið leggur nú sýslumanni fyrir, að leiðrjetta þetta í næsta reikningi.
    - b. Vegagjaldið er reiknað eptir verðlagsskránni fyrir 18<sup>81/82</sup> í staðinn fyrir eptir verðlagsskránni fyrir 18<sup>80/81</sup>, og endurtekur amtsráðið áskorun sína til sýslumannsins um, að fylgja framvegis rjettri verðlagsskrá.
    - c. Verkfærir karlmenn í Saurbæjarhreppi eru taldir 98 í stað 99, og verður því vegagjaldið úr hreppnum 119 kr. 79 aur., en ekki 118 kr. 58 aur.; er því vantalin 1 kr. 21 eyr.
    - d. Samkvæmt athugasemd endurskoðenda sýslunefndarinnar er kostnaður við vegagjörð á sýsluveginum í Öxnadal talinn 4 kr. of lágt.
 

Samkvæmt athugasemdunum a. c. og d. verður því eign til næsta árs 56 kr. 84 aur., en eign frá fyrra ári átti að telja 105 kr. 14 aur.

Engar skýrslur um hinar unnu vegabætur og vegagjörðir á sýsluvegunum fylgja reikningnum, og heldur eigi hafa kvittanirnar fyrir því, sem borgað hefir verið út fyrir unnar vegagjörðir, inni að halda neinar skýringar hjerum, að einni undantekinni. Ráðið álitur þetta óreglu, og heimtar, að sýslumaður láti eptirleiðis tilvalda menn skoða hina unnu vegagjörð; skulu skýrslur þeirra fylgja með sýsluvegasjóðsreikningnum, og verða þær að lýsa vegagjörðinni nákvæmlega, svo sem hvað langur vegurinn sje og breiður, hvar upphækkaður og hve mikið af honum, og hvar brýr lagðar.
- C. Við reikninginn úr Suðrþingeyjarsýslu fannst að athuga, að upphæðirnar í útgjaldaliðunum 1 og 2 voru þegar tilfærðar á reikningnum fyrir 1880; verður því eign til næsta árs 592 kr. 5 aurar, en ekki 576 kr. 5 aur.

D. Við reikninginn úr Norðurlingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga.

Með sýsluvegasjóðsreikningnum óskar amtsráðið að fylgi eptirleiðis skýrslur um unnar vegagjörðir

E. Við reikninginn úr Norðurmúlasýslu fannst ekkert að athuga.

F. Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu fannst ekkert að athuga.

Amtsráðið óskar, að sýslumaður sendi eptirleiðis með reikningunum skýrslur um hinar unnu vegagjörðir.

16. Þvínaest voru framlagðir sýslusjóðsreikningar úr öllum sýslum amtsins fyrir 1881, sem forseti ráðsins hafði yfirfarið, til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.

Amtsráðið rannsakaði og úrskurðaði þessa reikninga eins og hjer segir:

A. Við reikningana frá Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu var ekkert að athuga.

B. Við reikninginn frá Eyjafjarðarsýslu var að athuga, að útgjaldaliður 1 er samkvæmt fylgiskjölunum 90 kr., en ekki 94 kr.; við þetta verður eign til næsta árs 114 kr. 99 a.

Amtsráðið lagði reikningshaldara fyrir, að taka til greina í næsta reikningi athugasemd þess við reikninginn fyrir 1880, um verð borða þeirra, er notuð höfðu verið við gripasýningu á Oddeyri.

C. Við reikning Suðurlingeyjarsýslu fannst að athuga:

Vanheimt sýslusjóðsgjald af brennisteinsnámunum (Hlíðar- og Fremrinámum), sem Skútustaðahreppi ber að svara til samkvæmt landshöfðingjabrjefi 25. maí 1881, var samkvæmt athugasemd amtsráðsins við reikninginn fyrir 1880, orðið alls 26 kr. 2 aurar. Þessa upphæð hefði þessvegna, eins og endurskoðandi sýslunefndarinnar tekur fram, átt að telja í reikningnum sem útistandandi skuld, því ráðgjafabrjef 20. júlí 1881, sem reikningshaldari skírskotar til, virðist eigi ná til sýslusjóðsgjaldsins, þar sem jarðarhundruðin aðeins eru höfð til þess að finna út upphæð gjaldsins, en gjaldinu sjálfu er jafnað niður á hreppsþúa eins og öðrum sveitargjöldum, án tillits til þeirra manna, sem eiga að hafa á leigu þau jarðarhundruð, sem gjaldið er miðað við. Aftur á móti fann amtsráðið ástæðu til að leyfa, að hið vanheimta gjald til ársloka 1880, sem sje hinar nefndu 26 kr. 2 aur., megi ganga út úr reikningnum eptirleiðis, en til þess tíma hafði sýslusjóðsgjaldinu af Hlíðar- og Fremrinámum ranglega verið jafnað niður á Helgastaðahrepp, sem námurnar eru taldar undir í jarðabókinni 1861, þótt þær í raun rjettri sjeu í Skútustaðahrepp, sbr. landshöfðingjabrjef 25. maí 1881; í þeim reikningi, sem hjer liggur fyrir, hefur reikningshaldari, eins og rjett er, fært til inntektar sýslusjóðsgjaldið af námunum sem goldið af Skútustaðahrepp.

D. Við reikninginn úr Norðurlingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga.

E. Við reikninginn úr Norðurmúlasýslu var að athuga, að reikningur sýslumannsins útaf alþingiskosningum nefnt ár (fylgiskjal 21) skyldi færast niður um 19 kr., þar sem liðirnir 2. 3. og 4. verða að falla burtu samkvæmt kosningarlögnum, 14. septbr. 1877, 38 gr., sbr. tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. gr. Eign til næsta árs verður því 1229 kr. 94 aur.

F. Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu var að athuga, að með því hin samanlagða lausafjár- og fasteignarhundradatala í Eyðahrepp sje 658,5 hndr., þá eigi sýslu-

9 sjóðsgjaldið úr hreppnum að vera 85 kr. 61. eyr., en ekki 85 kr. 54 aur.; eign sjóðsins til næsta árs verður því 607 kr. 2. aur.

17. Þá voru samin yfirlit 1) yfir fjárhag sýslusjóðanna, og 2) yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna fyrir árið 1881.

Fleiri mál komu ekki til umræðu á þessum fundi og var svo fundi slitið.

Akureyri, 12. dag febrúarm. 1883.

*J. Havsteen*

settur.

10 28. jan. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um linun í eptirgjaldi eptir þjóðjörð.** — Í tilefni af bónarbrjefi frá ábúandanum á þjóðjörðinni Feigsdal, Jens Þorvaldssyni, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 25. júlí f. á., og samkvæmt tillögum amtsráðsins í vesturamtinu veiti jeg hjermed samþykki mitt til, að eptirgjaldið eptir nefnda jörð um næsta 5 ára tímabil, reiknað frá síðastliðnum fardögum, megi með tilliti til skemmda þeirra, er tún og engi jarðar þessarar liggja undir, færast niður í 100 meðalálnir úr 80 kr.

Þetta er yður þjónustusamlega tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883

16. gr.

Ráðgjafinn veitti 13. des. f. á. Steinþóri steinhöggvara Bjarnarsyni 300 kr. styrk úr landssjóði til að ganga í skóla hins tekniska fjelags í Kaupmannahöfn að afla sjer þar þeirrar þekkingar, er þarf til þess að standa fyrir steinhúsabyggingum á Íslandi.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

13 gr, B. V. b.

Til barnaskólans í Vatnsleysustrandarhreppi	veittar 200 kr.
— — á Skipaskaga á Akranesi	— 200 —
— — á Þingvöllum	— 200 —
— — í Ölvesshreppi	— 200 —
— — í Bessastaðahreppi	— 200 —
— — á Leirá	— 200 —

#### SÝSLAN VEITT.

2. febrúar 1884 skipaði landshöfðingi umboðsmann Stefán Stephensen umboðsmann í Munkaþverárklausturs-umboði.

#### HEIÐURSPENINGUR.

10. nóv. 1883 þóknadist hans hátígn konunginum allramildilegast að sæma skipstjóra Charles Louis Butez frá Dunkerque heiðurspeningnum fyrir björgun frá drukkun, er ætlaður er til að bera á brjóstinu, fyrir að hann í marzmán. 1883 bjargaði skipshöfninni á íslenskum fiskibát úr sjávarháska.

#### ÓVEITT PRESTAKALL.

Dvergasteinn (Dvergasteinssókn) í Suðurmúlprófastsdæmi. Prestsekkja fær hlutdeild í tekjum brauðsins. Sá er þetta prestakall fær, er og skyldur til, þegar Klyppstaðarsókn losnar, að taka þeirri sameiningu á Dvergasteins- og Klyppstaðarsóknum, er lög 27. febr. 1880 ákveða. Auglýst 13. febr. 1884.